

---

## Endurnýjun hitaveitulagna og förgun eldri lagna, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit

### Ákvörðun um matskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 11. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum ohf. um fyrirhugaða endurnýjun hitaveitulagna og förgun eldri lagna í Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnun og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurnýjun hitaveitulagna og förgun eldri lagna í Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð. Fyrirspurn um matskyldu. Efla verkfræðistofa, júlí 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Borgarbyggð með tölvupósti þann 11. september 2019.
- Hvalfjarðarsveit með tölvupósti þann 29. ágúst 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti þann 3. september 2019.
- Fiskistofa með tölvupósti þann 18. september 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti þann 30. júlí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 29. júlí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 30. ágúst 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdin sé hluti af framkvæmdum Veitna ohf. við endurnýjun hitaveitulagna frá Deildartunguhver í Borgarbyggð að Akraneskaupstað. Samtals sé sú lagnaleið sem áætlað er að endurnýja tæplega 29 km löng. Á seinustu árum hefur verið unnið að því að endurnýja eldri lagnir og fyrirhugað sé að ráðast í þá kafla sem eftir eru. Samhliða endurnýjun verða eldri asbestlagnir fjarlægðar. Gera má ráð fyrir að breidd framkvæmdarsvæðis vegna lagningu nýrra lagna verði að hámarki 15 m en framkvæmdarsvæði við að fjarlægja asbestlögnina að hámarki 10 m. Endurnýjun lagna fer að mestu fram á þegar röskuðum svæðum innan veghelgunarsvæðis þjóðvega. Framkvæmdaraðili ráðgerir samráð við veghaldara, en auk þess er framkvæmdarsvæðið að hluta til á grónu landi, túnum og framræstu mýrlendi. Einnig sé gert ráð fyrir að endurnýja lagnir við Hafnarskóg sem er á náttúruuminjaskrá og innan verndarsvæðis í Andakíl sem er friðlýst búsvæði fugla.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Gróður

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að stærstur hluti lagnaleiðarinnar sé í nálægð við núverandi vegi og að stórum hluta innan veghelgunarsvæða þeirra. Landið sé því að stórum hluta mótað að fyrri lagna- og vegaf framkvæmdum.

Hluti af þeirri lagnaleið sem fyrirhugað sé að endurnýja liggur í gegnum Hafnarskóg sem sé á náttúruminjaskrá. Skilgreining verndunar Hafnarskógs skv. náttúruminjaskrá sé vegna náttúrlegs birkiskógar í nágrenni þéttbýlis. Einnig sé fyrirhugað að endurnýja lagnir innan friðlýsts svæðis, þ.e. verndarsvæðis Andakíls. Á verndarsvæðinu sé fjölbreytt votlendi, tjarnir, hallamýrar, flóar, flæðiengjar og leirur sem gegna hlutverki sem búsvæði fjölbreyttra fuglategunda og annars lífríkis. Á svæðinu sé einnig að finna ræktuð tún sem nýtt hafa verið til landbúnaðar. Ræktuðu svæðin, einkum þau tún sem slegin séu á Hvanneyri, Ausu og Árdal eru mikilvæg beitarlönd fyrir grænlenku blesgæsina.

Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar má sjá að vistlendi framkvæmdasvæðisins er að mestu leyti skilgreint sem akur og túnlendi, graslendi, moslendi, mólendi, melar og sandlendi, votlendi og birkiskógur. Þar er að finna þrjár vistgerðir sem eru með mjög hátt verndargildi þ.e. runnamýravist á láglandi, starungsmýravist og gulstaraflóavist. Af þessum vistgerðum er starungsmýravist algengust á framkvæmdasvæðunum en minnst er af gulstaraflóavist.

### *Hafnarskógur*

Fram kemur að skógurinn sé birkiskógur. Fuglalíf í birkiskógum sé oft ríkulegt þar sem algengustu varpfuglar í birkiskógum séu skógarprestir, þúfuttlingar, hrossagaukar, rjúpur og músarindlar. Telja má að áhrifin verði tímabundin og minniháttar á verndarsvæðinu. Lagnaleið sé fremur nærri Vesturlandsvegi austan megin við veg þar sem skógur er minni um sig og gisnari og þá liggur Vesthamralína 2 meðfram lagnaleið að mestu leyti.

Umhverfisstofnun bendir á að leita þarf umsagnar stofnunarinnar áður en leyfi til framkvæmda innan Hafnarskógar sé gefið út.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að Borgarbyggð gefur út framkvæmdaleyfi og skal óska eftir umsögn Umhverfisstofnunar áður en það er gefið út. Framkvæmdaraðili er upplýstur um að þörf sé á umsögn Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda við Hafnarskóg.

### Fuglalíf

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að með friðlýsingu Andakíls sé stutt við varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda. Allt að 3.500 fuglar hafa sést samtímis á fartíma á svæðinu. Á svæðinu dvelur einnig stór hluti hins íslenska brandandarstofns. Talið sé að innan búsvæðisins verpi um 40 tegundir fugla. Rannsóknir og talningar sumarið 2017 benda þó til þess að þær geti verið fleiri. Verndarsvæðið sé einn helsti viðkomustaður grænlenku blesgæsarinnar hér á landi sem kemur á vorin og haustin og nýtir stóran hluta landsins. Taldir hafa verið yfir 2.000 fuglar, meira en 10% af heildarstofni gæsanna, sem hafa viðkomu í Andakíl. Ramsarvæðið er hlekkur í verndarneti fyrir blesgæsir á farleið þeirra milli varpstöðva á vesturströnd Grænlands og vetrarstöðva á Írlandi. Friðlandið samanstandi af 14 landbúnaðarjörðum og sé talsvert um tún innan svæðisins. Túnin séu mikilvæg svæði fyrir margar fuglategundir en þá sérstaklega fyrir blesgæsir, grágæsir og ýmsar andategundir. Túnin séu yfirleitt full af blesgæsum á vorin og haustin þegar hún flýgur á milli heimkynna sinna.

Brandönd er einnig algeng á verndarsvæðinu, en hún er á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir tegundir í bráðri hættu. Aðrar fuglategundir sem séu á valista og halda sig í eða við búsvæðið séu haförn, gargönd, brandugla og svartbakur.



Umhverfisstofnun bendir á að um verndarsvæðið í Andakíl gildi reglur sem kveða á um að leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að sótt verði um leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda á og við Andakíl áður en framkvæmdir hefjist.

### Vatnalíf

Fram kemur að fyrirhugað sé að endurnýja lagnir við árbakka Hafnarár, Seleyrarár og Flókadalsár, Urriðaár og í grennd við Grjóteyrará (Tunguá). Ekki sé gert ráð fyrir að þvera þessar ár en gert sé ráð fyrir að endurnýja lagnir sem þvera Geirsá.

Veiði sé stunduð í Flókadalsá. Veiðitímabilið sé frá seinni hluta júní til seinni hluta september. Þá sé Hafnará fiskgeng um 1 km að litlum fossi skammt neðan við Þjóðveg nr. 1. Ekki fundust upplýsingar um veiði í Seleyrará, en við Seleyri við Borgarfjarðarbrú er stunduð strandveiði. Ekki sé gert ráð fyrir að endurnýja lagnir sem þvera árnar heldur verða lagnir endurnýjaðar og fjarlægðar að bökkum ána. Ekki verður rask í farvegi þeirra og þess gætt eftir fremsta megni að raska ekki árbökkum. Gert ráð fyrir að endurnýja lagnir við þverun Geirsár sem er dragá. Einhver silungsveiði er stunduð í ánni. Í rannsókn frá 1989 fundust laxaseiði í Geirsá sem bendir til þess að lax hafi gengið upp í hana til hrygningar.

Fram kemur í umsögn Fiskistofu að hætta sé á því að eldri lögnin geti rofnað og hafa slík atvik orðið á síðustu árum. Við þær aðstæður þegar heitt vatn berst út í umhverfið getur orðið umtalsvert tjón á lífríki í vötnum. Telur Fiskistofa að fyrirhuguð framkvæmd minnki líkur á slíku tjóni.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. lög um lax- og silungsveiði.

### Menningarminjar

Fram kemur í greinargerðum Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022 og Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 að eitt þjóðminjavernðarsvæði sé í grennd við lagnaleiðina í Hvalfjarðarsveit, þ.e. *Refagildra í Gildruholti í landi Hafnar*. Svæðið sé í næsta nágrenni við hitaveitulögnina, en að sögn verði þess gætt að lagnaleiðin og framkvæmdir raski ekki minjasvæðinu.

Minjastofnun bendir á eftirtalda minjastaði og mögulegar aðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á þekktar og mögulega óþekktar minjar:

1. Innan fyrirhugaðrar lagnaleiðar á milli Stóra-Kropps og Varmalækjar hafa fornleifar ekki verið skráðar.
2. Innan lagnaleiðar Grjóteyri-Skógarkot-Klausturtunga og Höfn 2-Höfn er mikilvægt að tekið verði tillit til seljarústanna við lagningu hitaveitunnar. Rústirnar þarf að girða af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
3. Finna þurfi nýrri hitaveitulögn aðra leið en gegnum gamla heimatúnið á Fiskilæk. Þá þarf að gæta þess að lögnin raski ekki öðrum skráðum fornleifum á jörðinni.
4. Í grennd þar sem lögnin þverar ósa Urriðaár í landi Fellsaxlarkots eru tvær fornleifar skráðar, Hákonarvað (BO-089:004) og Dys/kuml/legstaður (BO-089:007). Varast ber að raska þessum fornleifum og hugsanlega þarf að merkja dysina með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Minjastofnun Íslands telur að allt verkið þurfa að vinna í fullu samráði við minjavörðinn til að tryggja sé að fornleifum stafi ekki hætta af framkvæmdunum.



Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við Minjastofnun Íslands varðandi merkingar minja og hvernig þær verða girtar af á framkvæmdatíma. Markmið framkvæmdaraðila sé að fornleifar séu auðsjáanlegar á meðan á framkvæmdum stendur svo gengið sé úr skugga um að þeim verði ekki raskað. Fyrirhuguð lagnaleið við Fiskilæk fylgir núverandi lögn (asbestlögn). Þar sem minjar er að finna í næsta nágrenni hennar verður haft samráð við Minjastofnun Íslands varðandi endanlega legu á þessum kafla. Ef niðurstaðan verður sú að ekki er hægt að fara þá leið án þess að raska minjum verður reynt að finna nýja lagnaleið í samvinnu við Minjastofnun. Haft verður samráð við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmdarinnar í heild sinni áður en framkvæmdir hefjast.

### **Verktilhögun við förgun asbests**

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að þess verði gætt að unnið sé eftir gildandi reglum við uppgröft og förgun asbests. Sótt verði um undanþágu frá banni við vinnu við asbest hjá Vinnueftirlitinu. Lögð verður fram verkáætlun fyrir Vinnueftirlitið áður en vinna hefst og aðeins þeir sem sótt hafi námskeið á vegum Vinnueftirlitsins, eða sem Vinnueftirlitið hefur samþykkt, muni vinna við niðurrif eða viðhald asbests. Förgun asbestsúrgangs verði í samræmi við leyfi frá heilbrigðisnefndum viðeigandi sveitarfélaga að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendi á, að á liðnum árum hafi verið skipt út asbestlögnum án þess að legið hafi fyrir upplýsingar vegna umhverfisáhrifa um málið. Þá hafi að mati heilbrigðiseftirlitsins ekki verið nógu góðar verklagsreglur fyrir þá sem hreinsað hafi upp asbestlagnir og átt að færa til förgunar á sorpurðunarstaðinn að Fíflholtum á Mýrum. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að farga skuli asbestlögnum jafnóðum og þær eru grafnar upp og sá aðili skuli hafa tilskilin leyfi.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að í kafla 1.4 í greinargerðinni sé tilgreint að þörf sé á leyfi heilbrigðisnefndar til að farga asbestlögnum og að sótt verði um slíkt leyfi áður en framkvæmdir hefjast. Þar segir: „*Samkvæmt reglugerð nr. 705/2009 er óheimilt að farga asbesti nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar viðkomandi sveitarfélags og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Sótt verður um leyfi hjá heilbrigðisnefnd Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar*“ Framkvæmdaraðili mun ganga úr skugga um að asbestslögnum verði fargað jafnóðum og þær eru grafnar upp.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 – 2022 og aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk leyfis eftirlitsins skv. reglugerð um asbestúrgang. Leyfi frá Minjastofnun Íslands skv. lögum um menningarminjar reynist þörf á því að raska minjum. Afla þarf leyfis Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdum innan helgunarsvæðis þjóðvega og leyfis Fiskistofu vegna framkvæmda sem geta haft áhrif á lífríki vatns eða aðstæður til veiði, sbr. lög um lax- og silungsveiði.

## **6 NIÐURSTAÐA**

Um er að ræða endurnýjun hitaveitulagna frá Deildartunguhver í Borgarbyggð að Akraneskaupstað. Samtals er áætlað að endurnýja tæplega 29 km lagnaleið. Ný foreinangruð stállögn verður grafin í jörðu og í kjölfarið verða eldri asbestlagnir fjarlægðar.



Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndunar, mengunar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða og kjörlendis dýra.

Framkvæmdin er eins og áður segir nokkuð umfangsmikil, eða sem nemur 29 km lagnaleið, auk þess sem mikið magn af asbesti verði grafið upp og fargað. Mestur hluti lagnaleiðarinnar er fyrirhugaður samhliða fyrri lögn og þar af leiðandi á svæði sem raskað hafi verið eða í grennd við eða innan veghelgunarsvæðis þjóðvega. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega raska tímabundið vistgerðum sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og njóta verndar skv. ákvæðum laga um náttúruvernd sbr. Hafnarskóg sem kjarrskógarvist og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Einnig mun framkvæmdin raska tímabundið hluta af verndarsvæðinu í Andakíl sem sé friðlýst sem búsvæði fugla og er skráð á lista Ramsar-samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni um tilkynningu Veitna ohf. sagt að stofnunin telji að þar sem framkvæmdin sé að mestu á röskuðum svæðum bæði vegna ýmissa framkvæmda og landbúnaðar, nærri öðrum mannvirkjum og kemur í stað mannvirkis sem er nokkuð áberandi og gert úr hættulegu efni, sbr. asbest lagnir sem fyrirhugað er að fjarlægja. Líklegustu áhrif framkvæmdarinnar verða neikvæð sjónræn áhrif meðan framkvæmdasvæðið er að gróa upp, að því loknu ættu ummerkin að verða óveruleg. Stofnunin telur því að umrædd framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileikaáhrifa, líkum á áhrifum, fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og afturkræfni þeirra sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verða rask á votlendi og gróður sem nýtur verndar skv. ákvæðum laga um náttúruvernd og á fugla. Skipulagsstofnun telur að áhrif á lífríki, votlendi og gróður verði að mestu tímabundin og að ummerki framkvæmdarinnar lítt sýnileg innan fárra ára, að því gefnu að verktilhögun framkvæmdaraðila verði með þeim hætti sem boðað er. Mikilvægt er að meðhöndlun asbests verði skv. þeim kröfum sem koma fram í settum reglum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla verði tímabundin og að mestu bundin við framkvæmdatíma og bendir á að þörf sé á að skilyrða leyfi með þeim hætti að ekki verði framkvæmt innan mikilvægra fuglasvæða á varptíma eða á öðrum viðkvæmum tíma lífríkis. Skipulagsstofnun telur að áhrif á vatnalíf séu óveruleg og aðeins meðan á framkvæmdartíma stendur. Brýnt sé að framkvæmdir eigi sér ekki stað þegar lífríki í ám er viðkvæmt fyrir.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. október 2019.



Reykjavík, 18. september 2019.

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson